# Bæjarstjórn Blönduósbæjar
# 49. FUNDUR – 6. apríl 2010

Bæjarstjórn Blönduósbæjar kom saman til 49. fundar þriðjudaginn 6. apríl 2010 kl. 17:00 að Hótel Blönduósi. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Þórir Sveinsson. Undirritaðir sátu fundinn.

Fjarverandi bæjarfulltrúi:

- Héðinn Sigurðsson sem er í fæðingarorlofi. Í hans stað mættur Þórhallur Barðason.

**Dagskrá:**

1. ***Fundargerðir:***
   a) ***Bæjarráð frá 17. mars 2010***
   b) ***Fræðslunefndar frá 16. mars 2010***
   c) ***Sundlaugarhópur frá 18. mars 2010***
   d) ***Sundlaugarhópur frá 25. mars 2010***
   e) ***Sundlaugarhópur frá 31. mars 2010***
   f) ***Skipulags-, byggingar- og veitunefnd frá 10. mars 2010***
   g) ***Skipulags-, byggingar- og veitunefnd frá 29. mars 2010.***
2. ***Skipulagsmál.***
   a. ***Aðalskipulag Blönduósbæjar 2010-2030***
   b. ***Deiliskipulag, Skúlabraut, Smárabraut og Sunnubraut***
   c. ***Deiliskipulag fyrir sorpförgun og efnistökusvæði á Sölvabakka.***
3. ***Málefni HSB.***

**Afgreiðslur:**

1. ***Fundargerðir:***

***a. Bæjarráðs frá 17. mars 2010, 90. fundur.***
Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu.
Fundargerðin samþykkt 7:0.

***b. Fræðslunefndar frá 16. mars 2010.***
Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu.
Fundargerðin samþykkt 7:0.

***c. Sundlaugarhópur frá 18. mars 2010.***
Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu.
Fundargerðin samþykkt 7:0.

***d. Sundlaugarhópur frá 25. mars 2010.***
Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu.
Fundargerðin samþykkt 7:0.

***e. Sundlaugarhópur frá 31. mars 2010.***
Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu.
Fundargerðin samþykkt 7:0.

***f. Skipulags-, byggingar- og veitunefnd frá 10. mars 2010.***
Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu.
Fundargerðin samþykkt 7:0.

***g. Skipulags-, byggingar- og veitunefnd frá 29. mars 2010***
Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu.
Fundargerðin samþykkt 7:0.

2. ***Skipulagsmál.***

***a. Aðalskipulag Blönduósbæjar 2010-2030.***

Tekin fyrir tillaga Landmótunar dags. 25. mars 2010. Tillagan er sett fram á sveitarfélagsuppdrætti, þéttbýlisuppdrætti, greinargerð og umhverfisskýrslu. Bæjarstjórn óskar eftir heimild Skipulagsstofnunar til að auglýsa tillöguna sbr. 17. gr. skipulagslaga nr. 73/1997 og að tillagan verði send lögformlegum umsagnaraðilum til umsagnar. Samþykkt 7:0.

***b. Deiliskipulag, Skúlabraut, Smárabraut og Sunnubraut.***

Engar athugasemdir bárust á auglýsingartíma og minniháttar breyting hefur verið gerð á deiliskipulaginu eftir auglýsingu. Gildandi aðalskipulag gerir ekki ráð fyrir íbúðarbyggð norðaustan við núverandi byggð við Skúlabraut. Fyrirhuguð raðhúsalóð milli Skúlabrautar og Ennisbrautar er því felld út. Til einföldunar eru eldri raðhúsalóðir norðan Skúlabrautar jafnframt felldar út sem hluti af skipulagi þessu. Afmörkun deiliskipulags er breytt í samræmi við þetta. Uppdráttur og greinargerð er lagfærð í samræmi við ábendingar Skipulagsstofnunar þar sem núverandi lóðarmörk og lóðarstærðir eru yfirfarin. Greinargerð er lagfærð í samræmi við ábendingar Skipulagsstofnunar. Textabreytingar eru í kafla 2.8 þar sem gerð er betri grein fyrir núverandi byggð og í kafla 3.0 er orðalag lagfært.

Bæjarstjórn samþykkir að senda Skipulagsstofnun deiliskipulagið með ósk um að það verði auglýst í B- deild Stjórnartíðinda. Samþykkt 7:0.

***c. Deiliskipulag fyrir sorpförgun og efnistökusvæði á Sölvabakka.***

Svæðisskipulag Austur-Húnavatnssýslu, sem gerir ráð fyrir sorpförgunar- og efnistökusvæði á Sölvabakka, hefur verið staðfest. Deiliskipulagstillaga dags. 15. mars 2010 er sett fram á uppdrætti og umhverfisskýrsla er aðskilin greinargerð. Bæjarstjórn samþykkir að auglýsa deiliskipulagstillöguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingalaga nr. 73/1997. Samþykkt 7:0.

***3. Málefni HSB.***

Forseti lagði fram eftirfarandi bókun:
„Bæjarstjórn Blönduósbæjar ítrekar harðlega fyrri mótmæli á þeim niðurskurði fjárframlaga til Heilbrigðisstofnunarinnar á Blönduósi á fjárlögum ársins 2010. Niðurskurðurinn er langt umfram það sem flestar aðrar heilbrigðisstofnanir urðu fyrir. Með þessu er verið að vega að grunnstoðum og velferðarþjónustu í héraðinu. Bæjarstjórn skorar á heilbrigðisráðherra, alþingismenn og önnur stjórnvöld að beita sér nú þegar fyrir endurskoðun á fjárveitingum til Heilbrigðisstofnunarinnar á Blönduósi.“
Samþykkt 7:0.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 19:55.

Valgarður Hilmarsson, forseti (sign.)
Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)
Ágúst Þ. Bragason (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)
Kári Kárason (sign.)
Þórhallur Barðason (sign.)
Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri. (sign.)

Þórir Sveinsson, ritari (sign.)